

Alþingi
Nefndasvið
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 20. maí 2010

Tilvísun: 201005-0053/0.03.02


Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 45/2007, um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, með síðari breytingum, þskj. 835 - 484. mál.


Vísað er til beiðni yðar um umsögn um ofangreint frumvarp til laga um breytingar á lögum um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra, sem barst í tölvupósti dags. 17 maí 2010.

Samkvæmt 4. gr. frumvarpsins þá er gert ráð fyrir að hægt sé að leggja á dagsektir á fyrirtæki ef þau fara ekki eftir ákvæðum laga nr. 45/2007 um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra. Vinnueftirlitið fagnar því að Vinnuálastofnun séu veittar auknar heimildir til þvingunarúrræða gagnvart fyrirtækjum sem fara ekki eftir ákvæði laganna. Aftur á móti vill stofnunin benda á að dagsektarúrræðið nær ekki tilætluðum árangri nema að kveðið sé á um það í 4. gr. frumvarpsins að dagsektir séu aðfarahæfar. Ef ekki er kveðið á um það í frumvarpinu þá munu álagðar dagsektir ekki verða aðfararhæfar samkvæmt 6. lið 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför og því þyrfti að afla dóms til þess að innheimta álagðar dagsektir með tilheyrandi umstangi og kostnaði. Af framangreindum ástæðum þá leggur Vinnueftirlitið til að bætt verði við svohljóðandi nýrri 4. mgr. við 4. gr. frumvarpsins: "Ákvörðun Vinnuálastofnunar um dagsektir eru aðfarahæfar."

Að öðru leyti gerir Vinnueftirlit ríkisins engar athugasemdir við frumvarpið að svo stöddu.

Virðingarfyllt
f.h. Vinnueftirlitsins


Eyjólfur Sæmundsson
forstjóri


Björn Þ. Rögnvaldsson
lögfræðingur